

**Tilmæli** 18/2022  
**Tillaga** A 1901/UKK  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin  
**Fylgiskjal** Nefndarálit um þingmannatillögu um bókasöfn í hringrásarhagkerfi framtíðarinnar

## Um bókasöfn í hringrásarhagkerfi framtíðarinnar

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2022 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

### Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- koma á fót áætlun um þekkingarmiðlun á milli norrænna bókasafna og annarra aðila er koma að framkvæmd hringrásarhagkerfisins, og
- leiða umræður á æðra stigi um þörfina á að hringrásarhagkerfi verði hluti af verkefnum norrænna bókasafna

Helsingfors, 3. nóvember 2022

Erkki Tuomioja  
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss  
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs